

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem veitustjóri hefur mælt fyrir um samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er veitustjóra heimilt að láta loka hlutaðeigandi húsveitu.

40. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. OVH getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

41. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að taka gildi 1. janúar 1996.

Jafnframt falla úr gildi rg. nr. 470/1979 fyrir Rafveitu Húsavíkur og rg. nr. 147/1970 fyrir Hitaveitu Húsavíkur. Gjaldskrár settar á grundvelli eldri reglugerða skulu halda gildi sínu þar til nýjar verða settar á grundvelli þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjöld sem eru tilkomin vegna orkusölu Rafveitu Húsavíkur og Hitaveitu Húsavíkur er OVH rétt að innheimta með þeim heimildum sem orkulög veita og skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.

1. gr.

Þeir menn sem dveljast erlendis við nám, geta haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir skv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og öðrum lögum um opinber gjöld eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ákvæði 1. mgr. á við, þrátt fyrir að menn séu með fasta búsetu erlendis, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi eða uppfyllt skilyrði reglugerðar þessarar síðustu 5 árin áður en nám hófst.

Nám skv. 1. mgr. telst hverskonar reglulegt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds- eða háskólastigi enda sé námið ætlað sem aðalstarf og námstími eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári.

Til náms skv. 1. mgr. telst starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda enda séu skilyrði 3. mgr. uppfyllt.

Til náms skv. 1. mgr. telst ekki nám í grunnskólum, menntaskólum eða sambærilegum menntastofnunum, nema nám að loknum grunnskóla veiti formleg starfsréttindi eða heimild til að bera starfsheiti.

2. gr.

Maki námsmanns og börn hans eldri en 16 ára geta haldið sömu réttindum og námsmaður ef sýnt er fram á að dvöl þeirra erlendis sé bein afleiðing af námi hans, en ekki sérstaklega til tekjuöflunar eða öflunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar. Sama gildir um sambúðarfólk, sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Námsmenn, makar þeirra og börn eldri en 16 ára, sem óska eftir að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti, skulu árlega sækja um það á skattframtali. Skattframtal skal senda skattstjóra í því umdæmi sem þeir voru síðast skattskyldir í fyrir brottför með upplýsingum um allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað og allar eignir, hvar sem þær eru. Leggja skal fram eftirtalin gögn og upplýsingar með skattframtali:

1. Vottorð um nám erlendis á tekjuári þar sem fram komi:
 - a) hvaða nám var stundað og hve lengi,
 - b) hvenær nám hófst,
 - c) hvenær námslok séu áætluð.
2. Upplýsingar um eftirfarandi:
 - a) hvert hafi verið síðasta lögheimili námsmanns hér á landi,
 - b) hver sé umboðsmaður eða hvert sé pósthfang námsmanns hér á landi.
3. Upplýsingar um tekjur erlendis:
 - a) staðfest ljósrit af erlendum skattframtölum ef tekjur koma þar fram, eða
 - b) skriflegt tekjuvottorð frá erlendum skattfyrirvöldum, eða
 - c) erlenda álagningarseðla, eða
 - d) staðfestingu á skattauppgjöri erlendis.
4. Staðfestingu um barnabætur o.þ.h. greiðslur erlendis ef um þær var að ræða. Fram komi heildargreiðslur tekjuársins.

Skattstjórar skulu taka ákvörðun um réttindi samkvæmt reglugerð þessari í samræmi við framlögð gögn við álagningu opinberra gjalda ár hvert.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. desember 1995.

F. h. r.

Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.